


# Gjöf mótefna undir húð með lyfjadælu

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar þeim sem eru að hefja meðferð með mótefnum undir húð. Meðferðin er veitt til varnar ýmsum veikindum, t.d. sýkingum.

Mótefni (immunoglobulín) eru prótín sem aðstoða líkamann aðallega við að vinna gegn sýkingum. Suma skortir mótefni eða þeir framleiða efni sem starfa ekki eðlilega og þurfa því á mótefnagjöf að halda í lengri eða skemmri tíma. Mótefni eru unnin úr blóðvökva frá blóðgjöfum. Í meðferðinni er gefinn skammtur undir húð vikulega. Reglulega er tekin afstaða til lengdar meðferðar.

## Undirbúningur fyrir lyfjagjöf

- Drekktu og borðuðu vel til að minnka líkur á aukaverkunum af lyfjagjöfinni.
- Ef lyfið geymist í kæli þarf að taka það út að minnsta kosti tveimur klukkustundum fyrir lyfjagjöf.
- Skoðuðu glasið, lausnin á að vera glær, laus við botnfall og agnir.
- Athugaðu hvenær lyfið rennur út.



Mynd 1. Mótefni, lyfjaglas

Taktu til allt sem þú þarft að nota fyrir lyfjagjöfina. Það er mikilvægt að huga að hreinlæti, vera með hreint borð og hreinar hendur. Komdu þér fyrir á þægilegum stað fyrir lyfjagjöfina. Vertu með síma hjá þér ef eitthvað skyldi koma upp á.

## Það sem þarf til:

- Crono sprautu
- Millifærslunál (mini spike) eða nál til að draga upp lyfið með
- Lyfjaglós
- 1 pakki lyfjaslanga
- Dæla
- Sprittklútur
- Plástur
- Gult nálabox
- Batterí




Mynd 2. Lyfjaglas, fylgihlutir og dæla

## Veldu stungustað

Grænu svæðin sýna stungustaði sem algengast er að nota.


Bláa svæðin sýna fleiri stungustaði sem er einnig hægt að nota.



Mynd 3. Stungustaðir. Fengin með leyfi frá <https://www.serlyfjaskra.is>

Hafðu í huga við val á stungustað:

- Hafðu 5 cm á milli stungustaða.
- Hafðu að minnsta kosti 5 cm frá nafla.
- Ekki velja stungustað þar sem húðin er rauð, hörð, marin eða aum.
- Ekki velja stungustað á húðsvæði með örum eða sliti.



Mynd 4. Lyfjadæla

Lyfjaslöngur er hægt að fá með 1-4 örmum. Mælt er með að deila lyfjaskömmtum sem eru 30 ml eða meira niður á fleiri en einn stungustað.

## Framkvæmd lyfjagjafar

1. Raðaðu upp tilteknum fjölda lyfjaglasa. Taktu hettuna af hverju lyfjaglassi og strjúktu yfir stútinn með sprittklút. Leyfðu sprittinu að þorna í um 30 sekúndur. Taktu millifærslunálina (mini spike) úr umbúðum, fjarlægðu hettuna og stingdu í fyrsta hettuglassið.



Mynd 5.1. Hetta á lyfjaglassi sprittuð



Mynd 5.2. Mini spike stungið í lyfjaglas

2. Taktu sprautuna úr pakkningunni, lofttæmdu hana og dragðu stimpilinn fram og til baka nokkrum sinnum til að liðka hana.
3. Skrúfaðu sprautuna fasta á „mini spike“ á lyfjaglasinu, snúðu glasinu á hvolf og dragðu lyfið upp í sprautuna. Gerðu þetta við öll lyfjaglösín.



Mynd 6. Lyf dregið upp í sprautu


4. Lofttæmdu sprautuna eins vel og þú getur. Tengdu sprautuna við lyfjaglönguna og ýttu lyfinu í gegnum slönguna með því að þrýsta á stimpilinn. Ekki á að ýta lyfinu alveg út á nálarbrodd, það getur verið ertandi fyrir húðina.

5. Sprittaðu stungustaði. Taktu í vængi á nálinni, haltu með þumal fingri og vísifingri og taktu pappírinn af plástrinum og plastið af nálinni. Stingdu nálinni beint niður (90°) í gegnum húðina og passaðu að hún sitji föst.

Stingdu hinni/hinum nálunum og komdu þeim fyrir á réttum stöðum.



Mynd 7. Nál stungið í húð



Mynd 8. Stungustaðir

6. Taktu sprautuna og dragðu stimpilinn svolítið til baka og sjáðu hvort það komi blóð í lyfjaslönguna þar sem nálin situr. Ef það rennur blóð til baka þarftu að fjarlægja nálina og finna nýjan stungustað.

7. Ef ekkert blóð kemur er stimpillinn skrúfaður af og sprautan tengd við dæluna.



Mynd 9. Stimpill skrúfaður af sprautu



Mynd 10. Sprauta tengd við lyfjadælu

8. Kveiktu á dælunni með því að ýta á **+** takkann. **Pr** kemur í gluggann á dælunni. Haltu aftur niðri **+** takkannum á dælunni í nokkrar sekúndur og þá fer hún af stað.



Mynd 11. Lyfjadæla tilbúin fyrir lyfjagjöf

9. Dælan gefur frá sér hljóð þegar 5 eða 10 mínútur eru eftir af lyfjagjöfni. Þegar lyfið er búið dregst stimpillinn sjálfkrafa til baka.
10. Dælan slekkur sjálfkrafa á sér. Það stendur **OFF** á skjánum á dælunni.
11. Athugaðu að halda stungustöðum þurrum og hreinum í að minnsta kosti klukkustund eftir að lyfjagjöf lýkur.

## Aukaverkanir og eftirlit

**Algengar aukaverkanir frá stungustað** eru roði, bólga/fyrirferð, kláði, verkir og leki. Staðbundin óþægindi ganga oftast yfir á innan við 72 klukkustundum. Ef þú upplifir engin óþægindi vegna þeirra er ekki þörf á neinum aðgerðum.

### Góð ráð við staðbundnum aukaverkunum sem geta komið fram:

- Athuga stungutækni, nálinni á að stinga beint niður (90°) í gegnum húð.
- Ekki sprauta lyfinu alveg út í nálina fyrir gjöf til að minnka líkur á roða og kláða.
- Leggja heita bakstra á roða í 10–15 mín. í senn. Það getur flýtt fyrir upptöku lyfsins inn í líkamann.
- Nota kalda bakstra til að slá á kláða.
- Bera vægt sterakrem, sem fæst án lyfseðils í apóteki, 1-2 sinnum á dag á húð. Það getur dregið úr roða og kláða.
- Prófa væg ofnæmislyf (fæst án lyfseðils í apóteki) að morgni meðferðardags við roða og kláða.
- Taka væg verkjalyf, t.d. 500-1000 mg parasetamól til að draga úr verkjum og óþægindum við lyfjagjöf.
- Þrýsta samanbrotinni grisju á stungustað og festa með plástri eftir að lyfjagjöf ef fer að leka.

Hafðu samband við hjúkrunarfræðing til að fá frekari ráðleggingar vegna aukaverkana.

**Aðrar aukaverkanir** eru ekki algengar en geta komið fram, til dæmis þreyta, höfuðverkur, breytingar á blóðþrýstingi, hiti, slappleiki, vöðvaverkir og ofnæmi. Mikilvægt er að láta vita ef slík einkenni gera vart við sig.

Blóðtappi er dæmi um sjaldgæfa aukaverkun, sem lýsir sér t.d. með skyndilegri mæði, verk eða þrota á hand- eða fótlegg, breytingu á sjón eða brjóstverk. Komi eitthvað af þessu fram á að leita til næstu bráðamóttöku eða hringja í 112.

## Gul nálabox fyrir oddhvassa hluti og lyfjaglös

Notaðu gul nálabox sem fást í apótekum til að farga nálum og lyfjaglösum á öruggan hátt. Þegar boxið er fullt er því lokað og farið með það í næsta apótek til fögunar.

## Skráning

Mikilvægt er að halda skráningu yfir mótefnagjafir undir húð. Hjúkrunarfræðingur afhendir þér dagbók sem mælt er með að nota. Tilgangur skráningar er að gefa betra yfirlit yfir heilsufar þitt. Þetta gagnast bæði þér og fagfólki til að meta árangur meðferðar. Á hverju lyfjaglassi er merkimiði með upplýsingum um lotunúmer. Límdu þennan merkimiða í dagbókina. Ef aukaverkanir koma fram er hægt að rekja úr hvaða framleiðslulotu glasið er.



Mynd 12. Gult nálabox

## Eftirfarandi er skráð í dagbókina:

- Dagsetning gjafar.
- Lotunúmer sem sést á glasi.
- Aukaverkanir ef einhverjar koma fram.
- Önnur lyf sem tekin eru samdægurs til að koma í veg fyrir aukaverkanir eða milda áhrif aukaverkana.
- Möguleg sýkingareinkenni og sýkingar sem hafa verið staðfestar.
- Sýklalyf sem notuð eru við staðfestri sýkingu eða í fyrirbyggjandi skyni.

## Símanúmer

Hjúkrunarfræðingar ónæmisfræðideildar Landspítala eru með símatíma mánudaga - fimmtudaga frá kl. 09:00 -14:00.

Símanúmer: **543 5840 og 824 2397.**

Ekki hika við að hafa samband ef spurningar vakna eða þig vantar aðstoð tengda mótefnagjöf undir húð.

**Ef eitthvað kemur upp tengt lyfjagjöfnum sem ekki getur beðið til næsta virka dags er leitað til næstu bráðamóttöku.**